

Global Audit

Minnisblað vegna öflunar upplýsinga um innra eftirlit

Dagsetning: 1. október 2016

Tekjuferill	Staða aðalbókar	Staða aðalbókar	Breyting
	30.09. 2016	31.12. 2015	
	í þús. kr.	í þús. kr.	
Tekjur	459.405	429.160	30.245
Heildar eignir	978.462	982.881	
Eigið fé	87.399	43.872	
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta	47.923	99.322	- 51.399

Athugið að ef úrtaksprófun fer fram á eftirlitsaðgerðum þá metur teymið heppilegast að hafa þolanleg frávik (e. tolerable deviation rate) 0.1.

Samtekt vegna eftirlitsaðgerða í tekjuferli

Sölueld framkvæmir eftirfarandi greiningar:

- **Sölugreiningu** pr. söluflokk/vörutegund mánaðarlega. Borið saman við söluáætlanir og sölusamninga.
- **Sérstakar greiningar**. Skoðaðir eru sérstaklega samningar vegna vinnu þar sem fyrir liggur vinna í verkþókhaldi en engar tekjur komnar inn á samninga.

Sölueld framkvæmdi úrtaksprófanir úr sölu- og þjónustusamningum í júní 2016 vegna fyrsta ársfjórðungs.

Úrtaksprófið var meðal annars framkvæmt þar sem framkvæmdastjórn og stjórn höfðu í yfirferð sinni séð óvenjulega þróun á milli tímabila í sölutekjum vegna fastra þjónustusamninga.

Tekjur frá sölu- og þjónustusamningunum á fyrsta ársfjórðungi 2016 voru 105 milljónir.

Heildarfjöldi samninga var 350 við gerð úrtaksins og er það svipaður fjöldi og gildandi samningar 30. september 2016. Tekjur samninganna eru nokkuð jafnar á milli mánaða.

Samningar - röð eftir stærð í fjárhæðum	Fjárhæðir samninga á fyrsta ársfj. í millj. kr.	Hlutfall samninga sem skoðaðir voru í úrtaki	Uppsafnað hlutfall í úrtaki	Frávik, verð í samningum vs. raun fjöldi	Frávik, verð fjárhæð í millj. kr.	Önnur frávik, ýmis ákvæði fjöldi
1-40	25	24%	24%	3	4,2	2
41-80	20	19%	43%	1	2,1	1
81-120	15	14%	57%	0	0,0	4
121-181	27	26%	83%	1	3,9	1
181-350	18	17%	100%	0	0,0	0
	105	100%			10,2	8

Framkvæmdastjórn fer ársfjórðungslega yfir söluskýrslur úr SAP kerfinu en í skýrslunum kemur m.a. fram:

- Rauntölur og áætlun (budget to actual)
- Ítarlegar sölugreiningar yfir þróun sölu á milli ára og milli ársfjórðunga.
- Ítarlegar framlegðargreiningar á söluflokkum og sölu- og þjónustusamningum.

Mikil umræða er um fjárhagsupplýsingar á framkvæmdastjórnarfundum og stjórnarfundum og oft sem framkvæmdastjórn sér að eitthvað hefur farið úrskeiðis í bókhaldsskráningu með yfirferð sinni. Þá er gæðastjóri mjög virkur að fylgja eftir frávikum og ábendingum sem upp hafa komið.

Stjórnendur gera ítarlegar mánaðarskýrslur sem lagðar eru fyrir stjórn. Í skýrslunum er gerð grein fyrir þróun rekstrarins frá mánuði til mánaðar, ítarlegar sölugreiningar, kostnaður greindur niður á bókhaldslykla og gerð grein fyrir helstu frávikum (breytingar sýndar í %) með samanburði við fyrri mánuð og sama tímabil á síðasta ári.

Framkvæmdastjórn setur allar stjórnendaupplýsingar sem unnar eru af og fyrir framkvæmdastjórn í gagnaherbergi stjórnar.